



Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0-0	K/S 15.2.18
Ábm.	8vfr.
Afgr. <i>Furda</i>	( )Bréf ( )St.
Lvm.	Trm.

Reykjavík 14. febrúar 2018

**Til forstöðumanna stofnana ríkisins og framkvæmdastjóra sveitarfélaga.**

**Efni: Um möguleika á að ráða háskólamenntaða atvinnuleitendur til sumarstarfa með fjárstyrk frá Vinnumálastofnun.**

**Ágætu viðtakendur.**

Það er óþægileg staðreynd að á skrá Vinnumálastofnunar er um þessar mundir að finna fjölda einstaklinga sem búa að viðamikilli og fjölbreyttri háskólamenntun. Má nefna að nú í janúar voru á skrá stofnunarinnar:

150 viðskiptafræðingar

54 lögfræðingar

33 kennarar

18 verk- og tæknifræðingar

13 einstaklingar með félagsfræðimenntun

og 876 einstaklingar með háskólamenntun af öðru tagi.

Það er afar mikilvægt að þetta fólk fái að láta til sín taka á vinnumarkaðnum og Vinnumálastofnun vill beina því til ykkar hvort þau sumarstörf sem falla til á ykkar vegum nú í sumar gætu ekki staðið þessum atvinnuleitendum til boða. Möguleikar væru á því að með hverjum sem ráðinn væri, fylgdi starfsþjálfunarstyrkur (enda væri viðkomandi búinn að vera þrjá mánuði eða lengur á atvinnuleysissskrá) sem næmi annað hvort hálfum eða fullum atvinnuleysisbótum í allt að sex mánuði eða ráðningartímann ef hann er styttri. Fullar bætur eru nú 227.417 kr.

Æskilegast er auðvitað að störfín sem um ræðir falli sem best að sérfræðimenntun og kunnáttu einstaklinganna svo að í ráðningunni felist þjálfun sem nýst getur í næstu skrefum einstaklinganna út á vinnumarkaðinn.

Vinnumálastofnun vill gera þetta samstarf sem hér er boðað til með ykkur, eins einfalt og mögulegt er. Stjórnendur ykkar sem vilja nýta sér þennan möguleika, senda tölvupóst til þjónustuskrifstofa okkar með upplýsingum um störf og starfstíma og starfsmenn Vinnumálastofnunar verða í sambandi fljótlega í kjölfarið og kanna möguleika á að miðla til ykkar atvinnuleitendum til samræðu og e.t.v. ráðningar.

Nú nýverið fékk Vinnumálastofnun niðurstöður úr þjónustukönnun sem gerð var meðal atvinnurekenda sem nýta sér þjónustu stofnunarinnar. Þar kom fram að 70% þeirra sem ráðið hafa fólk til sín af atvinnuleysisráðningu eru ánægðir með ráðninguna (hlutfallið er enn hærra meðal þeirra sem ráðið hafa fólk með skerta starfsgetu til sín). Á þessu sést að sá hópur sem

er á skrá stofnunarinnar og leita að starfi við hæfi, hafa mikið að bjóða til að gera vinnustaði skilvirka og metnaðarfulla.

Til að hafa samband við þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar vinsamlegast sendið tölvupóst á eftirfarandi starfsmenn:

**Höfuðborgarsvæðið:**

Tengiliðir: Katrín Magnúsdóttir og Emilía Sjöfn Kristinsdóttir - [vinnumidlun@vmst.is](mailto:vinnumidlun@vmst.is)

**Vesturland**

Tengiliður: Guðrún Gísladóttir og Bryndís Bragadóttir – [vesturland@vmst.is](mailto:vesturland@vmst.is)

**Vestfirðir:**

Tengiliðir: Arnar Þór Stefánsson og Guðrún Stella Gissurardóttir - [vestfirdir@vmst.is](mailto:vestfirdir@vmst.is)

**Norðurland vestra**

Tengiliður: Birna Velemir - [birna.velemir@vmst.is](mailto:birna.velemir@vmst.is)

**Norðurland eystra**

Tengiliður: Soffía Gísladóttir - [soffia.gisladottir@vmst.is](mailto:soffia.gisladottir@vmst.is)

**Austurland**

Tengiliður Stefán Þór Hauksson - [stefan.hauksson@vmst.is](mailto:stefan.hauksson@vmst.is)

**Suðurland:**

Tengiliður: Svava Júlía Jónsdóttir - [radgjafar@sudurland.is](mailto:radgjafar@sudurland.is)

**Suðurnes:**

Tengiliður: Hildur Jakobína Gísladóttir - [hildur.gisladottir@vmst.is](mailto:hildur.gisladottir@vmst.is)

Vinnumálastofnun vonar að þetta samstarfstillboð sé áhugavert fyrir ykkur og þær stofnanir sem þið stjórníð. Hvaða ráðningartími sem er fyrir þann sem er að leita að framtíðarstarfi, skiptir miklu máli til að vekja áhuga og hvatningu til að vera öflugur þátttakandi á vinnumarkaðnum. Til þess er leikurinn gerður.

Vona að undirtektir verði góðar.

**Með góðri samstarfskveðju**

**Gissur Pétursson forstjóri**